



Varðandi: Reglur 2017 um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega

Málsnúmer: 1606083

Dagsetning: 11. janúar 2017

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir reglur um afslátt af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega vegna ársins 2017.

GREINARGERÐ: Fyrirkomulag reglna Akraneskaupstaðar um afslátt af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega hefur verið þannig að viðmiðun afsláttar eru tekjur síðasta árs á undan álagningu fasteignagjalda. Við álagningu gjaldanna í upphafi árs var afslátturinn reiknaður til bráðabirgða og síðsumars eða að hausti, þegar álagning skattstjóra hefur farið fram, var afslátturinn endurreiknaður og endanleg niðurstaða fengin fram.

Vandamálið við þessa framkvæmd er augljóslega sú að ef tekjur hafa breyst á milli ára til hækkunar þannig að afsláttur viðkomandi gjaldanda lækkar eða fellur niður, eru fáir gjalddagar fasteignagjalda eftir (innheimtir janúar til og með október) og getur það þýtt háa greiðslubyrði hjá fasteignaeigendum. Þetta hefur valdið mikilli óánægju þeirra sem lenda í þessari stöðu.

Mörg sveitarfélög miða við endanlega álagningu gjalda haustið fyrir álagningu fasteignagjalda (tekjur þar síðasta árs) og er gerð tillaga um að Akraneskaupstaður taki upp sama fyrirkomulag.

Viðmið afsláttar vegna ársins 2017 eru þau sömu og árið 2016 með 4% hækkun. Er það gert með hliðsjón af viðmiðunum hjá samanburðarsveitarfélögum sbr. meðfylgjandi skjöl.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.

Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri